

2008



Ungir drengir hlaupa meðfram Shwe Myin Won pagóðu búddista í Myawadi.

Dagur hins sanna Guðs

Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar helgar Guði fyrsta dag ársins. Ef Adam og Eva hefðu náð fullkomnun telur heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar að þau hefðu hlotið blessun Guðs.

Shogatsu matsuri

Priggja daga nýárshátíð í Japan. Dagona fyrir nýja árið þrifa Japanar heimili sín rækilega svo mögulegt sé að hefja árið eins ómengað og hægt er. Mikilvægt er að vitja helgidóms eða hofs til að færa guðunum fórnargjafir.

Jóladagur

Á jólum minnst kristnir fæðingar Jesú. Flestar austurkirkjur miða helgidaga sína við júlíanska dagatalið. Þess vegna munar 13 dögum á hátíðum þeirra og kristinna kirkjudeilda sem nota gregoríska dagatalið. Jóladagur vesturkirkjunnar er 25. desember.

Ashura

Á Ashura-hátíðinni fagna múslímar flótta Gyðinga frá Egyptalandi. Dagurinn skiptir sérstaklega shía-múslíma miklu máli, en á honum minnst þeir píslardauða Hússeins, barnabarns Múhameðs. Hússein lést í bardaga þegar hann fór fyrir liði 72 manna gegn tugum þúsunda manna heraflla kalífans Yazid I.

JANÚAR

1. Nýársdagur

- 1. Hátíð Maríu Guðsmóður (kristni)
- 1. Hátíð St. Basils (kristni)
- 1. Dagur hins sanna Guðs (heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar)
- 1. Shogatsu matsuri (nýár shinto)
- 5. Afmæli gúrúsins Gobind Singh (sikh)
- 6. Þrettándinn (kristni)
- 6. Epiphania (kristni)
- 7. Jóladagur (rétttrúnaðarkirkjan)
- 10. Al-Hijira (nýársdagur íslam)
- 13. Samkirkjuleg bænavika hefst (kristni)
- 14. Makar Sankrant (hindúasiður)
- 15. Seijin Shiki (dagur fullorðinna, shinto)
- 19. Ashura (íslam)
- 22. Tu B'Shevat (gyðingdómur)
- 25. Bóndadagur (ásatrú)
- 25. Þorri hefst
- 25. Pálsmessu (kristni)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
1		1	2	3	4	5	6
2	7	8	9	10	11	12	13
3	14	15	16	17	18	19	20
4	21	22	23	24	25	26	27
5	28	29	30	31			



2008



Börn leika sér fyrir utan moskuna í Djenne í Malí.

Sprengidagur

Kjötát á sprengidegi á rætur í kapólskum sið enda var þetta síðasta tækifærið að borða kjöt fyrir lönguföstu sem stendur í sjö vikur fyrir páska. Fastan er tímabil ihugunar, iðrunar og sjálfsafneitunar.

Kínverskt nýár

Nýárið eða vorhátíðin er mesta hátíð Kínverja. Fyrir hátíðina er gengið frá öllum lausum endum liðins árs og öll óhreinindi þrifu á heimilum. Síðasta kvöld gamla ársins sest fjölskyldan saman að borðum og innsiglar húsið til að bægja illum öndum frá.

Parinirvana

Á parinirvana-degi er þess minnst þegar Búdda náði fullkomnu nirvana-ástandi og lést. Æðsta takmark búddista er að hljóta uppljómun og komast í nirvana. Þannig er hægt að hljóta lausn frá endurfæðingu. Til þess þarf að hafna öllum löngunum.

Losar

Nýárshátíðin losar er mikilvægasta hátíð Tíbeta. Hún stendur yfir í 15 daga, en stærstu hátíðarhöldin eru fyrstu þrjá dagana. Sögu hátíðarinnar má rekja löngu fyrir þann tíma er búddismi breiddist út í Tíbet.

FEBRÚAR

- 2. Kyndilmessa (kristni)
- 3. Rissun (vorhátíð shinto)
- 4. Bolludagur (kristni)
- 5. Sprengidagur (kristni)
- 6. Öskudagur (kristni)
- 7. Kínverskt nýár (konfúsíusarhyggja)
- 8. Parinirvana (búddasiður)
- 8. Losar (nýársdagur tíbetskra búddista)
- 11. Vasant Panchami (hindúasiður)
- 14. Valentínusardagur (kristni)
- 24. Konudagur
- 24. Góa hefst

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
5					1	2	3
6	4	5	6	7	8	9	10
7	11	12	13	14	15	16	17
8	18	19	20	21	22	23	24
9	25	26	27	28	29		



2008



Stúdentar á Indlandi skreyta sig með lituðu dufti á Holi-hátíðinni.

Holi

Holi er vorhátíð Hindúa sem haldin er hátíðleg á Indlandi og í Nepal. Fyrsta dag hátíðarinnar kveikja Hindúar brennur sem tákna púkann Holika. Annan daginn skemmtir fólk sér við að skvetta hvert yfir annað skærlituðu dufti og vatni. Þess vegna er hátíðin stundum nefnd hátíð litanna.

Dauða Krists minnst

Vottar Jehóva halda ekki upp á kristna hátíðisdaga. Þeir telja jól og síði þeim tengdum koma frá fornum falstrúarbrögðum, en Jesús hafi aldrei fyrirskipað kristnum mönnum að halda fæðingu sína hátíðlega. Hins vegar sagði hann lærisveinum sínum að minnast dauða síns sem vottar Jehóva gera á þessum degi.

Páskadagur

Páskarnir eru helgasta hátíð kristinna manna. Á þeim er þárlándaða Jesú og upprisu hans minnst. Þegar Jesús var staddur í Jerúsalem að fagna páskahátíð gyðinga var hann handtekinn, yfirheyrður og dæmdur til dauða. Upprisa hans á þriðja degi er einn af hornsteinum kristinnar trúar.

Khordad sal

Nýárs hátíð zarapústrúar stendur frá nýársdeginum noruz til kordad sal þegar fæðingu Zarapústra er minnst. Fylgismenn hans telja Zarapústra spámann guðsins Mazda. Nýárs hátíðin er ein mesta hátíð trúarinnar. Þá hittist fólk í eldhofum, biðst fyrir og fagnar með því að gera vel við sig í mat og drykk.

MARS

2. Upphaf nítján daga föstunnar (bahá'í)
3. Jónsmessa Hólabiskups á föstu (kristni)
3. Hina-matsuri (shinto)
6. Mahashivratri (hindúasiður)
10. Öskudagur (rétttrúnaðarkirkjan)
16. Pálmásunnudagur (kristni)
16. Gvendardagur (kristni)
17. Patreksmessa (kristni)
19. Jósefsmessa (kristni)
20. Mawlid al-Nabi (fæðingardagur Múhameðs spámanns í súnni-íslam)
20. Skírdagur (kristni)
20. Vorjafndægur á norðurhveli (ásatru og heiðin trúarbrögð)
21. Jamshedi Noruz (nýársdagur zarapústrúar)
21. Föstudagurinn langi (kristni)
21. Magha Puja (búddasiður)
21. Holi (hindúasiður)
21. Púrím (gyðingdómur)
21. Naw-Ruz (nýársdagur bahá'í)
21. Shubun-sai (shinto)
22. Dauða Krists minnst (vottar Jehóva)
22. Hola Mohalla (sikh)
23. Páskadagur (kristni)
24. Annar í páskum (kristni)
25. Boðunardagur Maríu (kristni)
25. Mawlid al-Nabi (fæðingardagur Múhameðs spámanns í shía-íslam)
26. Khordad Sal (zarapústratru)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
9						1	2
10	3	4	5	6	7	8	9
11	10	11	12	13	14	15	16
12	17	18	19	20	21	22	23
13	24	25	26	27	28	29	30
14	31						



2008



Fylgismaður Zarabústra gengur út úr Chakchak-hofinu norður af Yazd í Íran.

Dagur sannra foreldra

Heimsviðarsamband fjölskyldna og sameiningar telja að með endurreisnarferli geti allar manneskjur orðið sannir frumforeldrar. Á degi sannra foreldra er þess minnst þegar Sun Myung Moon gekk að eiga Hak Ja Moon árið 1960, en heimsviðarsamband fjölskyldna og sameiningar telja að þau séu fyrstu sönnu foreldrar.

Pesach

Pásкарnir eru ein helsta hátíð gyðinga. Þá er þess minnst þegar Guð lét plágur herja á Egypta til að faraó leysti Ísraelsmenn úr þrældómi. Við það er litið svo á að þjóð Gyðinga hafi „fæðst“, en í stað þess að þjóna faraó sem þrælur urðu þeir fylgismenn Guðs.

Fyrsti dagur Ridvan

Upphaf tólf daga hátíðar þegar þess er minnst að Bahá'u'lláh, stofnandi bahá'í-trúar, opinberaði félögum sínum að hann væri sá fyrirheitni sem spámaðurinn Báb hafði sagt fyrir um. Þetta gerði hann í Ridvan-garðinum í nágrenni Bagdad.

Sumardagurinn fyrsti

Á sumardaginn fyrsta hafa Íslendingar frá fornu fari fagnað vorkomunni. Lengi hefur tíðkast að gefa börnum sumargjafir á þessum degi, en sú hefð er eldri en jólagjafir. Ásatrúarfélagið var stofnað þennan dag árið 1972 og fékk löggildingu ári síðar.

APRÍL

- 6. Dagur sannra foreldra (heimsviðar-samband fjölskyldna og sameiningar)
- 6. Bikarami Samvat – Varsha-Pratipada (hindúasiður)
- 13. Vaisakhi (nýársdagur sikh)
- 14. Rama Navami (hindúasiður)
- 18. Mahavira Jayanti (jainatrú)
- 20. Pesach (gyðingdómur)
- 21. Fyrsti dagur Ridvan (bahá'í)
- 21. Heimsókn Haile Salessie til Jamaíku (rastafari)
- 23. Jónsmessa Hólabiskups um vorið (kristni)
- 24. Sumardagurinn fyrsti (ásatrú)
- 24. Harpa hefst
- 27. Páskadagur (rétttrúnaðarkirkjan)
- 29. Níundi dagur Ridvan (bahá'í)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
14		1	2	3	4	5	6
15	7	8	9	10	11	12	13
16	14	15	16	17	18	19	20
17	21	22	23	24	25	26	27
18	28	29	30				





Gengið með helgidóm á Sanja-Matsuri-hátíðinni í Tókíó í Japan.

Fyrsti maí hefur verið alþjóðlegur dagur verkalýðshreyfingarinnar frá árinu 1889, en hátíðarhöld á þessum degi eiga sér eldri rætur. Dagurinn á sér ekki hefð utan verkalýðsbaráttu á Íslandi, en var lengi ein helsta vorhátíð heiðinna víða annars staðar í Evrópu.

Hvítasunnudagur
Hinn fyrsta hvítasunnudag var kristin kirkja stofnuð. Í Biblíunni er því lýst svo að heilagur andi hafi komið yfir lærisveina Jesús og fengið þeim það hlutverk að bera út boðskap hans. Í íslenskum þjóðsögum er þetta eini dagurinn á árinu sem rjúpan er óhult fyrir fálkanum.

Vishakha Puja
Dagur Búdda er haldinn til minningar um fæðingu, uppljómun og dauða Búdda. Á fimmtu öld fyrir okkar tímatal fæddist Siddharta Gautama inn í norður-indverska furstaætt. Hann á að hafa snúið baki við auðæfum fjölskyldu sinnar til að sinna andlegum málefnum.

Uppstigning Bahá'u'lláh
Árið 1892 lét Bahá'u'lláh lífið nærri Akka í Ísrael. Síðustu árum ævi sinnar varði hann sem fangi Ottómanveldisins, en fékk að búa í eigin húsi með fjölskyldu sinni. Þar skrifaði hann margar þeirra bóka sem eftir hann liggja.

MAÍ

1. Verkalýðsdagurinn
1. Uppstigningardagur (kristni)
2. Yom Hashoah (gyðingdómur)
2. Tólfsti dagur Ridvan (bahá'í)
3. Krossmessa á vori (kristni)
11. Hvítasunnudagur (kristni)
12. Annar í hvítasunnu (kristni)
18. Þrenningarhátíð (kristni)
18. Allraheilagramessa (rétttrúnaðarkirkjan)
20. Vishakha Puja (búddasiður)
20. Nýár (theravada búddistar)
23. Yfirlýsingarhátíð Bábsins (bahá'í)
25. Kristslíkamahátíðin (kristni)
29. Uppstigning Bahá'u'lláh (bahá'í)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
18				1	2	3	4
19	5	6	7	8	9	10	11
20	12	13	14	15	16	17	18
21	19	20	21	22	23	24	25
22	26	27	28	29	30	31	

2008



Hindúí biðst fyrir í Hanuman-hofinu í Port-of-Spain á Trínidad og Tóbágó.

Shavuot

Viknahátíðin var upphaflega tengd fyrstu uppskeru ársins. Hún er haldin til minningar um það þegar Guð lét Móse hafa boðorðin tíu á Sínáifjalli.

Píslardauði gúrúsins Arjan Dev

Arjan Dev var fimmti gúrú síkha og fyrsti píslarvottur þeirra. Hann safnaði öllum textum fyrri gúrúa trúarbragðanna í eina bók sem er í dag helgirit síkhatrúar, Guru Granth Sahib.

Jónsmessa

Í íslenskrri þjóðtrú er aðfaranótt Jónsmessu talin ein af mögnuðustu nóttum ársins. Þá er meðal annars sagt að kýr tali og selir fari úr hömum sínum. Þessa nótt á líka að vera sérstaklega heilnæmt að velta sér allsnakin(n) upp úr næturdögginni.

Sigurblót

Um sumarsólstöður eða þórsdag (fimmtudag) í 10. viku sumars halda ásatrúarmenn sumarblót sem helgað er lögunum, siðmenningunni, þinginu og þjóðfélaginu. Þá er einnig fagnað gróðurmagni og lengstum sólargangi.

JÚNÍ

- 4. Dagur allra sannra hluta (heimsfriðar-samband fjölskyldna og sameiningar)
- 9. Shavuot (gyðingdómur)
- 16. Píslardauði gúrúsins Arjan Dev (síkh)
- 17. Lýðveldisdagur
- 20. Sumarsólstöður á norðurhveli (ásatrú og heiðin trúarbrögð)
- 24. Jónsmessa (kristni)
- 26. Sigurblót (ásatrú)
- 29. Pétursmessa og Páls (kristni)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
22							1
23	2	3	4	5	6	7	8
24	9	10	11	12	13	14	15
25	16	17	18	19	20	21	22
26	23	24	25	26	27	28	29
27	30						



2008



Gyðingur biðst fyrir við Grátmúrinn í Jerúsalem í Ísrael.

Asala – Dharma-dagur

Pennan dag hóf Búdda að breiða út boðskap sinn eftir að hann hlaut uppljómun. Hinn fyrsta Dharma-dag deildi hann reynslu sinni með fyrrum félögum sínum og lagði sú predikun hans, „hjól sannleikans“, grunninn að kenningunni um hin fjögur göfugu sannindi búddisma.

Þorláksmessa

Þorlákur Þórhallsson var biskup í Skálholti á 12. öld. Pennan dag árið 1198 var helgi hans fest í lög og bein hans sett í helgiskrín. Andlátsdags Þorláks er minnst 23. desember, og hefur sú hátíð orðið lífseigari en sumarmessan.

Landnema dagurinn

Pennan dag árið 1847 kom fyrsti landnema hópur mormóna til Saltvatnsdalsins á svæði sem er nú í Utah-fylki. Fólkið hafði lagt að baki um 1.600 kílómetra undir forystu Brigham Young til að hefja nýtt líf í friði fyrir ofsóknum annarra Bandaríkjamanna.

Lailat al-Israá wa al-Miraj

Múslímar telja Múhameð spámann hafa ferðast á einni nóttu frá Mekku til Jerúsalem á baki vængjaðrar skepnu sem nefndist Buraq. Þaðan mun hann hafa stigið upp til himna þar sem hann komst í návist guðdómsins. Nefnist þessi hátíð næturferðarhátíðin.

JÚLÍ

- 2. Þingmaríumessa (kristni)
- 9. Uppstigning Bábsins (bahá'í)
- 18. Asala – dharma-dagur (búddasiður)
- 20. Þorláksmessa (kristni)
- 20. 17. Tammuz (bahá'í)
- 23. Afmæli Haile Salassie I (rastafari)
- 24. Landnema dagurinn (mormónar)
- 29. Ólafsmessa (kristni)
- 29. Lailat al-Israá wa al-Miraj (íslam)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
27		1	2	3	4	5	6
28	7	8	9	10	11	12	13
29	14	15	16	17	18	19	20
30	21	22	23	24	25	26	27
31	28	29	30	31			



2008



Árleg messa í Ábæjarkirkju í Skagafirði. Ljósmyndari Sigurður Ægisson

Lailat al-Bara'h

Nótt fyrirgefningarinnar ber upp tveimur vikum fyrir ramadan, föstumánuð múslíma. Á þessari hátíð biðja múslímar um fyrirgefningu synda sinna og trúa því að örlög næsta árs ráðist.

Afmæli Marcus Garvey

Rastafarar líta á Marcus Garvey sem spámann trúar sinnar. Marcus var uppi á Jamaíku frá 1887 til 1940 og barðist ötullega fyrir réttindum íbúa af afrískum uppruna. Rastafarar trú á því að Haile Salassie, keisari Eþíópíu, muni snúa aftur og leiða þá til Afríku.

Janmashtami

Fæðingardagur Krishna, eins helsta guðs hindúa. Flestir hindúar trú á því að Krishna sé níunda endurholdgun Vishnu, æðsta guðs trúarbragðanna. Krishna þekktist á bláum líkama. Honum er oft lýst sem tælandi elskhuga sem dansar í tunglsljósinu.

Paryusana Parva

Mikilvægasta hátíð jáinatrúar er Paryusana Parva. Í átta daga ber fylgismönnum trúarinnar að stunda föstu og iðrun. Þegar hátíðinni lýkur setjast nágrennar saman að borðum og endurnýja venskap sinn, óháð stétt og stöðu.

ÁGÚST

- 4. Frídagur verslunarmanna
- 6. Ummyndun Krists (rétttrúnaðarkirkjan)
- 10. Tisha B'Av (gyðingdómur)
- 15. Maríumessa hin fyrri (kristni)
- 15. Lailat al-Bara'h (íslam)
- 15. Raksha Bandhan (hindúasiður)
- 17. Afmæli Marcus Garvey (rastafari)
- 24. Janmashtami (hindúasiður)
- 28. Paryusana Parva (jainatrú)
- 29. Höfuðdagur (kristni)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
31					1	2	3
32	4	5	6	7	8	9	10
33	11	12	13	14	15	16	17
34	18	19	20	21	22	23	24
35	25	26	27	28	29	30	31



2008



Indverskur múslími hvílir sig áður en bænir hefjast í Jamia-Masjid-moskunn í Nýju-Delí á Indlandi.

Ganesh Chaturthi

Fæðingardagur Ganesha, eins helsta guðs hindúa. Átrúnaður á Ganesha nær langt út fyrir hindúasið. Ganesha, sem meðal annars er hinn virti verndarguð ritlistar, barna og visku, þekktist á því að hann er með fílshöfuð á mannlíkama.

Lailat al-Qadr

Á nótt máttarins minnst múslímar þess þegar Múhameð spámaður fékk fyrstu opinberun sína. Þegar Múhameð spámaður var um fertugt segir sagan að Gabríel erkiengill hafi birst honum. Upp frá því opinberuðust honum kaflar Kóransins, helgirts múslíma.

Navaratri

Níu nóttu hátíð hindúa markar upphaf haustsins og er haldin til tákns um sigur hins góða á hinu illa. Almennt er hátíðin haldin til að votta öllum verkfærum sem menn nota við vinnu sína virðingu.

Rosh Hashanah

Á nýársdegi gyðinga er þess minnst að Guð sé skapari lífsins. Við helgiathafnir þessa dags blæs rabbíni í hrútshorn til minningar um hrútinn sem Abraham fórnaði í stað sonar síns. Til forna var til siðs að fórna hrúti á þessum degi.

SEPTEMBER

- 2. Ramadan hefst (íslam)
- 3. Ganesh Chaturthi (hindúasiður)
- 8. Maríumessa hin síðari (kristni)
- 11. Nýársdagur (epíópíska rétttrúnaðar-kirkjan)
- 22. Jafndægur að hausti á norðurhveli (ásatrú og heiðin trúarbrögð)
- 27. Lailat al-Qadr (íslam)
- 29. Navaratri (hindúasiður)
- 30. Rosh Hashanah (gyðingdómur)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
36	1	2	3	4	5	6	7
37	8	9	10	11	12	13	14
38	15	16	17	18	19	20	21
39	22	23	24	25	26	27	28
40	29	30					



2008



Síkar baða sig á Diwali við gyllta hofið í Amritsar á Indlandi.

Eid al-Fitr

Við sólarlag lýkur ramadan, föstumánuði múslíma. Fastan er ein af meginstoðum íslams, en frá dögum til sólseturs neyta múslímar hvorki matar né drykkjar. Nafnið Eid al-Fitr þýðir „hátið við föstulok“ og stendur hún í þrjá daga.

Yom Kippur

Á friðþægingardegnum, helgasta degi ársins, lýkur tíu daga iðrunartímabili gyðinga sem hefst á nýársdegi. Trúaðir búa sig undir daginn með því að fasta og biðjast fyrir í sólarhring. Hátiðinni lýkur á því að rabbíni blæs í hrútshorn, líkt og á nýársdegnum.

Veturnáttablót

Á veturnáttablóti fagna ásatrúarmenn uppskeru haustsins. Þá er mikið borðað af nýslátruðu kjöti og drukkið til að hvetja goð og landvætti til að milda veturinn.

Diwali

Ljósahátiðin diwali er vinsælasta hátið Suður-Asíu. Hún skipar stóran sess á Indlandi og í Nepal, sem og í þeim trúarbrögðum sem rekja uppruna sinn þangað, til dæmis hindúasið, búddasið og jaínatrú. Ljósín eiga að tákna sigur hins góða yfir hinu illa innra með einstaklingunum.

OKTÓBER

1. Eid al-Fitr (íslam)
9. Yom Kippur (gyðingdómur)
9. Dussera (hindúasiður)
14. Sukkot (gyðingdómur)
20. Fæðingarhátið Bábsins (bahá'í)
21. Shemini Atzeret (gyðingdómur)
22. Simchat Torah (gyðingdómur)
25. Fyrsti vetrardagur
25. Gormánuður hefst
25. Veturnáttablót (ásatrú)
28. Diwali (hindúasiður, búddasiður og jaínatrú)
29. Dagur sannra barna (heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar)
29. Nýársdagur (jaínatrú)
31. Hrekkjavaka (kristni)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
40			1	2	3	4	5
41	6	7	8	9	10	11	12
42	13	14	15	16	17	18	19
43	20	21	22	23	24	25	26
44	27	28	29	30	31		



2008



Leikhópur fyrir framan musteri jánatrúar í Nýju-Delí á Indlandi.

Allrasálfamessu

Á allrasálfamessu minnst kristnir þeirra sálna sem eru í hreinsunareldinum. Í Rómönsku-Ameríku er þessi hátíð sérstaklega vinsæl en þar nefnist hún dagur hinna dauðu. Þrátt fyrir nafnið er dagur hinna dauðu mikil gleðihátíð.

Fæðingarhátíð Bahá'u'lláh

Bahá'u'lláh fæddist þennan dag árið 1817 inn í aðalsfjölskyldu í Persíu og var skírður Mirza Husayn Ali. Spámaðurinn Báb hafði sagt fyrir um komu hans sem næsta boðbera Guðs á eftir Abraham, Móse, Búdda, Zarapústra, Kristi, Múhammed og fleirum.

Shichigosan

Mikil fjölskylduhátíð í Japan þar sem foreldrar þakka guðunum barnalán sitt. Þriggja og sjö ára stúlkur og þriggja og fimm ára drengir eru klædd í sérstakan viðhafnarklæðnað til að heimsækja hofið.

Fyrsti sunnudagur í aðventu

Aðventan er undirbúningstími jóla og hefst á fjórða sunnudegi fyrir jóladag. Aðventan er einnig nefnd jólafasta og í kaþólskum kirkjum og rétttrúnaðarkirkjum eiga trúaðir að neita sér um ákveðnar vörur, meðal annars kjöt. Á Íslandi tíðkast að kveikja á kertum í aðventukransi fjóra síðustu sunnudagana fyrir jól til að minnst ákveðinna atburða í lífi Jesú.

NÓVEMBER

1. Allraheilagramessa (kristni)
2. Allrasálfamessa (kristni)
2. Krýning Haile Selassie I (rastafari)
2. Dagur hinna dauðu (kristni)
12. Fæðingarhátíð Bahá'u'lláh (bahá'í)
15. Shichigosan (shinto)
21. Maríu offurgerð (kristni)
23. Niinamesei (shinto)
26. Dagur sáttmálans (gyðingdómur)
28. Uppstigning Abdu'l-Bahá (íslam)
30. Fyrsti sunnudagur í aðventu (kristni)

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
44						1	2
45	3	4	5	6	7	8	9
46	10	11	12	13	14	15	16
47	17	18	19	20	21	22	23
48	24	25	26	27	28	29	30





Jólamarkaður á Gendarmenmarkt í Berlín í Þýskalandi.

Eid al-Adha

Fórnarhátíðin er helgasta hátíð múslíma. Þá minnst þeir þess þegar Guð bað Abraham að fórna syni sínum Ísmael. Hátíðin er hluti af hajj, pílgrímshátíð múslíma. Allir múslimar eiga að fara í pílgrímsferð til Mekku einu sinni á ævinni.

Bodhi-dagur

Eftir sjö ára meinlætalífnað uppgötvaði Siddharta Gautama að hann yrði sjálfur að finna hinn æðsta sannleik. Þá settist hann í djúpa hugleiðslu undir fikjutré þar sem hann öðlaðist uppljómun um hið sanna eðli lífsins á fyrsta Bodhi-degi. Upp frá því nefndi hann sig Búdda eða hinn uppljómaða.

Jólin

Ásatrúarmenn halda stórhátíð um jólin. Frá örófi alda hafa flestar þjóðir fagnað á þessum tíma árs. Ætla má að sólstöðurnar séu ástæðan fyrir hátíðarhöldunum en þá tekur dag að lengja á norðurhveli. Hinn eilífi hringur lokast og opnast á ný í eilífri hringrás náttúrunnar.

Hanukkah

Upphaf átta daga ljóshátíðar þar sem endurvígslu musteris Gyðinga í Jerúsalem er minnst. Á meðan á umsátri stóð kveiktu Gyðingarnir á stórum oliulampa en áttuðu sig á því að olían myndi aðeins duga þeim í einn dag. Lampinn logaði þó í átta daga sem var talið merki um velpóknun Guðs.

DESEMBER

1. Fullveldisdagurinn
6. Eid al-Adha (íslam)
6. Nikulásarmessa (kristni)
8. Hinn óflekkaði getnaður (kristni)
8. Bodhi-dagur (búddasiður)
13. Lúsíumessa (kristni)
21. Vetrarsólstöður á norðurhveli
21. Jólin (ásatrú)
22. Hanukkah (gyðingdómur)
23. Þorláksmessa (kristni)
24. Aðfangadagur jóla (kristni)
25. Jól dagur (kristni)
26. Annar í jólum (kristni)
26. Dagur Stefáns frumvotts (kristni)
26. Zartusht no-diso (zaraþústratrú)
27. Dagur Jóhannesar guðspjallmanns (kristni)
31. Gamlársdagur

Vika	M	Þ	M	F	F	L	S
49	1	2	3	4	5	6	7
50	8	9	10	11	12	13	14
51	15	16	17	18	19	20	21
52	22	23	24	25	26	27	28
1	29	30	31				